



Vinnuskóli Reykhólahrepps Starfsreglur

Vinnusemi, stundvísi og virðing eru höfð að leiðarljósi í Vinnuskólanum.

- Nemendur skulu mæta stundvíslega og skila fullum vinnudegi.
- Foreldrar geri flokksstjóra grein fyrir veikindum og leggi fram vottorð sé þess krafist. Tekið er tillit til ofnæmis og annarra kvilla ef framvísað er læknisvottorði.
- Foreldrar biðja flokksstjóra um leyfi fyrir nemanda sé þess þörf.
- Vinnuskólinn er tóbaks- og vímuefnalaus vinnustaður, á leið í og úr vinnu, á vinnusvæði og í matar- og kaffihléum.
- Fara skal vel með verkfæri og önnur áhöld sem nemendur meðhöndla við vinnu og ganga þrifalega um vinnustað. Ef áhöld eru skemmd af ásettu ráði dregst það frá launum viðkomandi nemanda.
- Nemendum ber að virða þau verkefni sem þeim eru falin og sýna flokksstjóra, samstarfsfólki og öðrum íbúum svæðisins virðingu og vinsemi í hvívetna. Einelti, áreitni og ofbeldi er ekki liðið í vinnuskólanum.
- Nemendur leggja sjálfir til vinnufatnað og allan hlífðarfatnað og bera ábyrgð á eigin eignum. Eyrnahlífar og hlífðarglæraugu eru lögð til af vinnuveitanda.
- Laun eru greidd eftir á um mánaðamót inn á launareikning nemanda.
- Óheimilt er að nota farsíma á vinnutíma nema flokkstjóri geri leyfi um annað.
- Brjótí nemandi vísitandi reglur Vinnuskólans getur flokksstjóri vísað nemanda úr vinnu tímabundið.
 1. brot – tiltal, áminning.
 2. brot – brottvísun í einn dag, samtal við foreldra/forráðamenn.
 3. brot – brottvísun úr Vinnuskólanum.